

# STJÓRNARTÍÐINDI B 22 — 1972

---

5. júlí 1972.

495

Nr. 209.

## AUGLÝSING

um, að Norðurlandasamningur um almannaskráningu  
taki til Grænlands.

Með samkomulagi yfirstjórna almannaskráningar í Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð hefur verið ákveðið, að samningur um almannaskráningu milli þessa ríkja skuli frá og með 1. júlí 1972 taka til Grænlands (sbr. 2. málsg. 7. gr. í Norðurlandasamningi, sem undirritaður var í Osló hinn 5. desember 1968, og birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu utanríkisráðuneytisins, nr. 2 24. febrúar 1969).

Samkvæmt þessu er hér með tilkynnt, að ákvæði auglýsingar nr. 178 22. september 1969, um almannaskráningu við flutninga milli Íslands og annarra Norðurlanda, taka til Grænlands frá og með 1. júlí 1972.

*Hagstofa Íslands, 5. júlí 1972.*

F. h. r.

Kl. Tryggvason.

*Ingimar Jónasson.*

19. júlí 1972.

Nr. 210.

## REGLUR

um félagsheimilið Lyngbrekku.

### 1. gr.

Nafn félagsheimilisins er Lyngbrekka í Álftaneshreppi, Mýrasýslu.

Lóðin er gefin af ábúendum og eigendum jarðarinnar Arnarstapa, Álftaneshreppi, Mýrasýslu.

Lóðarstærð: 9.3 hektarar.

Eigendur félagsheimilisins eru: Hraunhreppur, Álftaneshreppur, Ungmennafélagið Björn Hitdælakappi og Ungmennafélagið Egill Skallagrímsson.

### 2. gr.

Húsnefnd, kjörin árlega, stjórnar félagsheimilinu. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju eignarfélagi. Húsnefnd skiptir sjálf með sér verkum. Hún skal halda nákvæma gerðabók um störf sín. Ef félagsheimilið hættir störfum, skal afhenda Þjóðskjalasafni gerðabækur þess til vörzlu.